Rio Tinto

Júní 2015

Þannig vinnum við





Þetta rit, *Þannig vinnum við*, endurspeglar hvað við stöndum fyrir sem fyrirtæki. Það útskýrir hvernig við hegðum okkur í samræmi við gildi okkar um virðingu, heilindi, samvinnu og ábyrgð.

Á hverjum degi hjá Rio Tinto finnum við og vinnum auðlindir úr jörðu í þrotlausri viðleitni til að gera betur með skapandi hugsun og öguðum vinnubrögðum. Umsvif okkar eru víða um heiminn og afurðir okkar eru meðal annars ál (og báxít og súrál), kopar, demantar, kol, úraníum, gull, iðnaðarefni (bór, títaníumdíoxíð, salt) og járngrýti. Málmarnir og steinefnin frá okkur eru mikilvægur hluti af daglegu lífi fólks og hjálpa heiminum að vaxa.

Forsenda þess að við öðlumst áfram brautargengi er að við hlustum á ólík sjónarmið og séum reiðubúin til samstarfs við aðra. Við þurfum að njóta trausts hvert hjá öðru og hjá þeim sem við störfum með, þar á meðal samfélaginu, stjórnvöldum, birgjum, viðskiptavinum, fjárfestum og fjölmiðlum. Dagleg hegðun okkar eflir þetta traust og veitir okkur sérstöðu. *Þannig vinnum við* felur í sér skýran ramma um hvernig við högum okkur, óháð því hvar við vinnum og hvaðan við erum. Það setur skýr mörk sem hjálpa okkur að taka réttar ákvarðanir.

Þannig vinnum við gildir um okkur öll sem starfsmenn og einnig um ráðgjafa, umboðsmenn, verktaka og birgja. Við leggjum okkur líka fram við að tryggja að þessar meginreglur séu virtar í fyrirtækjum sem við eigum hlut í, hvort sem við eigum beina aðild að stjórnun þeirra eða ekki.

Við vonum að *Þannig vinnum við* veki með þér sama stolt og þann eindregna stuðning sem það gerir hjá okkur báðum. Við erum ákaflega stoltir af að vinna fyrir fyrirtæki sem gerir ýtrustu siðferðiskröfur og hefur sterk gildi að leiðarljósi.

Öll erum við í leik og starfi dæmd af orðstír okkar og því hvernig við bregðumst við áskorunum. *Þannig vinnum við* hefur sannað gildi sitt sem leiðarvísir um hvernig við breytum rétt.

Með kærri kveðju,



Jan du Plessis
Stjórnarformaður



Sam Walsh
Forstjóri



Efnisyfirlit

VIRÐING

06 **Virðing**
07 1.1 Öryggi og heilsa
08 1.2 Starfsmenn
09 1.3 Mannréttindi
10 1.4 Persónuvernd

HEILINDI

12 **Heilindi**
13 2.1 Hagsmunaárekstrar
14 2.2 Heiðarleg samkeppni
15 2.3 Mútur og spilling
16 2.4 Trúnaðarupplýsingar og innherjaviðskipti

SAMVINNA

18 **Samvinna**
19 3.1 Nærsamfélagið
20 3.2 Samskipti við stjórnvöld, alþjóðastofnanir og borgaralegt samfélag
21 3.3 Gagnsæ samskipti

ÁBYRGÐ

24 **Ábyrgð**
25 4.1 Umhverfi
26 4.2 Hugverkaréttur
27 4.3 Eignir og gögn fyrirtækisins

30 **Að breyta rétt**



Virðing

Við hlustum á ólík sjónarmið með opnum huga og komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

1.1
Öryggi og heilsa

Við teljum að koma megi í veg fyrir öll banaslys, slys og starfstengd veikindi. Við keppumst við að tryggja að allir fari heilir og heilbrigðir heim í lok hvers vinnudags.

- Hvert og eitt okkar ber ábyrgð á að vinna á öruggan hátt, fylgja stöðlum fyrirtækisins og láta sér annt um heilsu og öryggi annarra.

- Við verðum að vera hæf til starfa þegar við komum til vinnu. Þetta þýðir meðal annars að hafa ekki undir höndum, neyta eða vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna við störf fyrir Rio Tinto eða á athafnasvæði þess.

- Við ætlumst til þess að aðrir sem við vinnum með, þar á meðal ráðgjafar, umboðsmenn, verktakar og birgjar, fylgi öryggis- og heilbrigðiskröfum okkar.

- Okkur ber skylda til að tilkynna um og stöðva vinnu samstarfsfólks okkar ef við teljum að það stofni heilsu eða öryggi sínu eða annarra í tvísýnu.

1.2
Starfsmenn

Við teljum að allir starfsmenn eigi rétt á sanngjörnu vinnuumhverfi sem þeir eru stoltir af að tilheyra.

- Við styðjum fjölbreytni; við mismunum ekki fólki eftir kynþætti, kyni, þjóðerni, uppruna, trú, aldri, kynhneigð eða öðrum slíkum þáttum.

- Við teljum að koma eigi fram við alla af virðingu. Við líðum ekki einelti, ógnandi tilburði eða áreitni af neinu tagi.

- Við fylgjum staðbundnum lögum og alþjóðasamningum um vinnumarkað. Við virðum rétt fólks til að velja hvort það tilheyrir stéttarfélagi og semur sameiginlega um kjör sín.

- Við vinnum að því með stjórnvöldum að deila efnahagslegum ávinningi af vinnslu auðlinda með samfélaginu þar sem við störfum. Þetta getur falið í sér að stjórnvöld fari fram á að við veitum heimamönnum forgang til vinnu.

1.3
Mannréttindi

Við virðum mannréttindi og einsetjum okkur að koma í veg fyrir að þau séu brotin.

- Við styðjum Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og virðum hana alls staðar þar sem við störfum.

- Við gerum ráðstafanir til að koma í veg fyrir að við eigum aðild að mannréttindabrotum í gegnum viðskiptasambönd við aðra. Við höfnum hvers kyns þrælahaldi. Við nýtum okkur aldrei nauðungarvinnu eða barnaþrælkun.

- Við vinnum með opinberum og einkareknum öryggisaðilum til að koma í veg fyrir að öryggisráðstafanir valdi eða stuðli að mannréttindabrotum. Við forðumst vopnaburð við öryggisgæslu á athafnasvæði okkar eins og frekast er unnt.

1.4
Persónuvernd

Við virðum rétt hvers og eins til trúnaðar um persónuhagi. Við fylgjum lögum í hvívetna við söfnun, notkun og verndun persónuupplýsinga.

- Við söfnum aðeins persónuupplýsingum um starfsmenn, hluthafa, samstarfsaðila, birgja, viðskiptavini og aðstandendur framangreindra aðila í lögmætum viðskiptalegum tilgangi. Við virðum rétt fólks til að skoða, uppfæra og leiðrétta upplýsingar um sig.

- Við deilum aðeins persónuupplýsingum með öðrum ef til þess stendur lögmæt viðskiptaleg eða lagaleg nauðsyn. Við tryggjum að viðkomandi skilji mikilvægi þess að gæta trúnaðar um upplýsingarnar.

- Þegar við eigum samstarf við aðra, svo sem birgja eða ráðgjafa, gerum við þeim grein fyrir áherslu okkar á trúnað um persónuupplýsingar og þær kröfur sem við gerum til þeirra í þeim efnum.



Heilindi

Við erum sanngjörn, heiðarleg og samkvæm sjálfum okkur í orði og athöfnum. Ef við teljum að eitthvað sé ekki með felldu lokum við ekki augunum fyrir því heldur látum í okkur heyra

2.1
Hagsmunaárekstrar

Við tryggjum að okkar persónulegu viðfangsefni og hagsmunir stangist ekki á við skyldur okkar hjá Rio Tinto.

- Við beitum dómgreind okkar til að komast hjá hagsmunaárekstrum og einnig því sem gæti litið út fyrir að vera hagsmunaárekstur.

- Við tilkynnum um allt sem felur í sér eða gæti falið í sér hagsmunaárekstur. Sé ekki hægt að koma í veg fyrir hagsmunaárekstur, sjáum við til þess að honum sé stýrt á viðeigandi hátt.

- Við nýtum ekki stöðu okkar eða starf hjá Rio Tinto til að hagnast persónulega.

2.2
Heiðarleg samkeppni

Við keppum siðferðislega og löglega í allri okkar starfsemi.

- Við trúum á frjálsa og heiðarlega samkeppni. Við keppum á siðferðislegan hátt og virðum öll samkeppnislög og lög gegn hringamyndum hvar í heiminum sem við störfum.

- Við öðlumst ekki viðskiptalegar upplýsingar á ólöglegan hátt og miðlum ekki röngum upplýsingum um keppinauta okkar.

- Þegar við eigum samskipti við keppinauta eða mögulega keppinauta gætum við þess að deila ekki trúnaðarupplýsingum sem gætu haft áhrif á samkeppni okkar á milli.

2.3
Mútur og spilling

Við stundum ekki mútur eða spillingu af neinu tagi og gætum þess að eiga enga aðild að slíku.

- Við kaupum okkur ekki viðskipti eða greiðasemi og gildir þá einu hvar í veröldinni það er, hverjar aðstæðurnar eru og hver á í hlut.

- Við hvorki bjóðum né gefum nokkrum manni, eða förum fram á eða þiggjum úr hendi nokkurs manns, fé eða greiðasemi í því skyni að koma á viðskiptum eða tryggja annars konar ávinning.

- Við borgum ekki til að flýta afgreiðslu mála innan stjórnsýslunnar.

2.4
Trúnaðarupplýsingar og innherjaviðskipti

Við verndum hluthafa okkar og okkur sjálf með því að meðhöndla trúnaðarupplýsingar okkar, sem og trúnaðarupplýsingar þriðja aðila, á ábyrgan hátt. Við notum þær aldrei til að hafa af þeim persónulegan ávinning.

- Trúnaðarupplýsingar eru meðal annars tæknilegar upplýsingar um vörur eða ferli, birgjalistar, áætlanir um verðlagningu, markaðssetningu eða þjónustu, óbirtar fjárhagsupplýsingar og upplýsingar um kaup og sölu eigna eða samruna við önnur fyrirtæki.

- Við sýnum aðgát varðandi hvar og við hvern við ræðum um trúnaðarupplýsingar og hvar og hvernig við geymum þær.

- Við látum aldrei trúnaðarupplýsingar af hendi eða nýtum þær á annan hátt í því skyni að hafa af þeim persónulegan ávinning.

- Við deilum ekki innherjaupplýsingum með neinum, þar á meðal fjölskyldu og vinum. Við stundum aldrei ólögleg innherjaviðskipti með hlutabréf Rio Tinto eða þriðja aðila.


Installations
Portuaires
RioTinto

Samvinna

Við vinnum saman og lærum hvert af öðru til að ná markmiðum okkar.

3.1
Nærsamfélagið

Við byggjum upp sterkt og langvarandi samband við nærsamfélagið sem byggist á virðingu, löngun til að læra og gagnkvæmum ávinningi.

- Samband okkar við samfélagið á hverjum stað er lykilþáttur í rekstri okkar og nýframkvæmdum. Við þekkjum og virðum menningu, lífshætti og arfleifð nágranna okkar.

- Við virðum fjölbreytileika frumbyggja og viðurkennum að þeir hafa einstakra og mikilvægra hagsmuna að gæta varðandi land, vatn og náttúru sem og sögu sína og hefðir.

- Við vinnum að því með samfélaginu að gera samninga sem fela í sér gagnkvæman ávinning. Við kynnum og ræðum áætlanir okkar með samfélaginu á sniði og tungumáli sem það skilur.

- Við hvetjum nærsamfélagið til að taka þátt í þeim efnahagslegu umsvifum sem starfsemi okkar skapar. Við styðjum við þróun á svæðisbundnum verkefnum sem geta orðið sjálfbær og sjálfstæð.

3.2
Samskipti við stjórnvöld, alþjóðastofnanir og borgaralegt samfélag

Við ræktum langtímasamband við stjórnvöld og stuðlum að því með samskiptum við alþjóðastofnanir og samfélagið að mótuð sé traust stefna og lagaumhverfi. Við styðjum enga stjórnmálaflokka, hópa eða einstaklinga umfram aðra.

- Við tökum þátt í samtali um opinbera stefnu og lagaumhverfi sem hafa áhrif á starfsemi okkar. Við leggjum til gagnlegar upplýsingar og deilum af reynslu okkar til að stuðla að því að mótuð verði skynsamleg stefna og löggjöf.

- Við virðum hið pólitíska ferli. Sem fyrirtæki blöndum við okkur ekki í flokksstjórnmál. Við veitum enga styrki sem ætlað er að stuðla að kjöri eða endurkjöri.

- Við takmörkum ekki réttindi og frelsi einstaklinga. Starfsmenn og verktakar mega styðja stjórnmálaflokka, frambjóðendur og málefni utan vinnutíma og með sínum eigin fjármunum.

3.3
Gagnsæ samskipti

Við byggjum upp traust með opnum og heiðarlegum samskiptum.

- Við deilum réttum upplýsingum um starfsemi okkar og fjárhagslega afkomu með hagsmunaaðilum, þar á meðal fjölmiðlum, fjárfestum og eftirlitsaðilum.

- Við sinnum upplýsingaskyldu okkar til markaðarins og miðlum þýðingarmiklum upplýsingum sem gætu breytt viðhorfi markaðarins til Rio Tinto.

- Við eigum opinská og tímanleg samskipti við starfsmenn og hvetjum til þess að við eigum heiðarleg samtöl hvert við annað.


Oyu Tolgoi
Rio Tinto
Oyu Tolgoi


RioTinto
RioTinto

Ábyrgð

Við tökum ábyrgð á gjörðum okkar og gerum sömu kröfu til annarra.

4.1
Umhverfi

Það er hlutverk okkar að vernda umhverfislegt gildi svæða sem við störfum á og tryggja góða stýringu á þáttum sem ráða áhrifum framleiðsluafurða okkar á öryggi, heilsu og umhverfi á líftíma þeirra.

- Við undirbúning, framkvæmdir, rekstur og lokun könnum við og lágmörkum áhrifin sem starfsemi okkar og framleiðsluafurðir kunna að hafa á umhverfið og eigum um það samstarf við birgja og viðskiptavini.

- Við eigum samstarf við nágranna okkar og leitum stöðugt leiða til að bæta okkur hvað varðar umhverfisáhrif á líftíma framleiðsluafurðanna, líffræðilega fjölbreytni landsvæða, loftslagsbreytingar, landnotkun, vatnsgæði, loftgæði og frágang á námum við lokun, til þess að við fáum áfram aðgang að auðlindum og mörkuðum.

4.2
Hugverkaréttur

Við stöndum vörð um samkeppnisforskot okkar með því að vernda hugverk okkar og virða hugverkarétt annarra.

- Við verjum hugverk okkar (einkaleyfi, höfundarrétt, vörumerki og viðskiptaleyndarmál) og fylgjumst náið með því hvort aðrir noti hugverk okkar í óleyfi.

- Við virðum hugverkarétt annarra, svo sem birgja, viðskiptavina og keppinauta, og notum hugverk þeirra ekki í heimildarleysi.

4.3
Eignir og gögn fyrirtækisins

Við notum eigur og fjármuni fyrirtækisins – þar með talin tölvur og samskiptatæki – eingöngu til að sinna starfsemi fyrirtækisins, en ekki í persónulega þágu eða í óleyfilegum tilgangi.

- Við tökum ekki, notum eða afhendum eigur eða fjármuni fyrirtækisins til persónulegra nota eða ávinnings né heldur til nota sem valda hagsmunaárekstri eða eru óviðeigandi eða ólögleg.

- Tölvupóst, netaðgang, síma og þess háttar sem okkur er útvegað til að sinna störfum okkar má stöku sinnum nota í persónulegu skyni en aðeins ef það truflar ekki kerfi fyrirtækisins, hefur ekki í för með sér ótilhlýðilegan kostnað fyrir fyrirtækið og veldur því ekki að við vanrækjum starfsskyldur okkar.

- Við varðveitum rétt og sönn gögn um allar greiðslur og aðra ráðstöfun fjármuna sem og um önnur viðeigandi málefni fyrirtækisins.

- Við hvorki breytum, eyðum né fjarlægjum eignir eða gögn fyrirtækisins án leyfis.


RunTime
CHARGERS



Að breyta rétt

Þannig vinnum við gefur skýr mörk sem hjálpa okkur að skilja og leggja mat á valkostina sem við stöndum frammi fyrir varðandi hegðun okkar í aðstæðum sem geta stundum verið erfiðar.

Þegar þú stendur frammi fyrir erfiðri ákvörðun, reyndu að svara eftirfarandi spurningum:

- **Eru gjörðir mínar í samræmi við *Þannig vinnum við* og stefnu og staðla Rio Tinto?**
- **Hvað myndi ég ráðleggja vini mínum eða nánum ættingja að gera?**
- **Hvað myndi öðrum finnast um gjörðir mínar og hvernig liði mér ef þær væru forsíðufrétt í blöðunum?**

Ef þú ert óviss um svarið við einhverjum af þessum spurningum ættir þú að leita ráða áður en þú tekur ákvörðun.

Landslög og *Þannig vinnum við*

Við fylgjum lögum hvers lands sem við störfum í. Sért þú í vafa um hvort miða eigi við lög í þínu landi eða reglurnar í *Þannig vinnum við*, skaltu fara eftir því sem er strangara. Ef þú brýtur gegn landslögum, *Þannig vinnum við* eða einhverjum ákvæðum í stefnu eða stöðlum fyrirtækisins munt þú sæta agaviðurlögum sem geta falið í sér uppsögn úr starfi eða riftun á samningi.

Ef þú verður áskynja um eitthvað sem gæti falið í sér brot á lögum, *Þannig vinnum við* eða einhverjum ákvæðum í stefnu eða stöðlum fyrirtækisins skaltu láta vita. Ekki láta sem ekkert sé!

Sýndu gott fordæmi – hjálpaðu öðrum að skilja og nota *Þannig vinnum við*.

Ræddu efasemdir þínar við næsta yfirmann þinn, eða æðri yfirmann eða fulltrúa úr starfsmannaþjónustu. *Speak-OUT* er einnig leið til að tilkynna í trúnaði ef grunur vaknar um ákveðnar tegundir af misferli (sjá leiðbeiningar á innraneti). Aldrei er gripið til aðgerða gegn þeim sem nota *Speak-OUT* í góðri trú.

Þannig vinnum við inniheldur skýrar og einfaldar meginreglur sem þú getur beitt á allt sem þú gerir í störfum þínum hjá eða fyrir Rio Tinto. Hegðun þín sýnir heiminum hver þú ert og fyrir hvað þú stendur.

Vertu viss um að þú getir staðið við ákvarðanir þínar með stolti.

Rio Tinto plc
6 St James's Square
London SW1Y 4AD
United Kingdom

T +44 (0)20 7781 2000

Rio Tinto Limited
120 Collins Street
Melbourne, Victoria 3000
Australia

T +61 (0)3 9283 3333

riotinto.com

Stefna og staðlar Rio Tinto
Ítarlegri upplýsingar um þau atriði sem fjallað er um í *Þannig vinnum við* ásamt viðeigandi stefnu og stöðlum má finna hér: https://intranet.riotinto.org/dms/RTHQ-Policy-Hub/



















